

The background of the cover is a detailed illustration of a man with long, dark, wavy hair and a serious expression. He is wearing a dark brown, heavy hooded cloak. The setting appears to be a crypt or a dark, stone-walled interior, with several human skulls visible in the shadows behind him. The lighting is dramatic, highlighting the man's face and the texture of his cloak.

Margit Sandemo  
Galdrameistarinn

1

Ókeypis sýnishorn

Galdrar

JENTAS

# Galdrameistarinn

Bókaflokkurinn GALDRAMEISTARINN er í 15 bindum. Þessi bókaflokkur er sjálfstætt framhald af Ísfólkinu og hefst sagan í Noregi og á Íslandi í lok 17. aldar. Hér segir frá norsku stelpunni Tiril frá Björgvin og unga íslenska galdrameistarinum Móra.

Tiril Dahl óx upp sem einmana óeigingjarnt barn í skugganum af fallettri systur sinni, Cörlu.

Skyndilega gerast óhugnanlegir atburðir í kringum systurnar. Tiril finnur sig í vonlausri stöðu sem er að taka yfirhöndina. En hjálp kemur úr óvæntri átt. Bæði frá ungum kaupsýslumanni að nafni Erling, og dularfullum, Íslendingi sem birtist skyndilega. Hann heitir Móri.

Móri hefur núþegar ákveðið að verða mesti og besti galdramaður allra tíma.

Hann hefur erfð galdrahæfileikana frá fjölskyldu sinni í gegnum kynslóðir. Bæði afi og faðir hann voru eftirlýstir galdramenn á Íslandi. Þeir máttu þola hræðilegan dauðdaga, að vera brenndir á báli.

Móri er hundeltur á Íslandi en hann er að leita að: þremur bókum sem allar innihalda svartagaldur. Hann einsetur sér að finna fyrst Rauðskinnu sem er þeirra hættulegust.

Um aldamótin 1700 var að finna þrjár velþekktar bækur sem fjalla um svaragaldur og tilheyrir skuggalegu tímabili í Íslandssögunni.

Bækurnar voru frá þeim tíma er Gottskálk biskup hinn grimmi réði lögum og lofum við Latínuskólann á Hólum í norðurhluta Íslands, frá 1498 til 1520. Gottskálk grimmi kunnni töluvert fyrir sér í göldrum, sem hann hafði lært við hinn þekhta Svarta Skóla við Sorbonne.

Latínuskólinn á Hólum var svo illræmdur á þessum tíma að armar hins illa sem þar var að finna, teygðu sig út yfir tíma og rúm, og ráðvilltar sálir hungraði sáran eftir að komast yfir bækurnar þrjár um svartagaldur. Enginn sem hafði heyrt þeirra getið var ósnortinn eftir.

En fleiri vilja komast yfir bækurnar. Hinir illu riddarar frá “Reglu hinnar heilögu sólar” eru einnig eftir þessum dulrúfumu verkum.

## Fyrstu 5 bækurnar eru:

Galdrameistarinn 1 – Galdrar – Kemur út 3.11. 2010

Galdrameistarinn 2 - Blikið í augunum – Kemur út 1.12. 2010

Galdrameistarinn 3 – Skuggar - Kemur út 1.01. 2011

Galdrameistarinn 4 – Andlit grimmdar - Kemur út 1.02. 2011

Galdrameistarinn 5 – Eldskírn - Kemur út 1.03. 2011

# Galdrar

## 1

Noregur, í lok 17. aldar.

Tiril var kornung stúlka sem bjó í Björgvin í Noregi. Hún van-treysti mannfólkinu ákaflega og hafði til þess fulla ástæðu.

Í þess stað sóttist hún eftir félagsskap dýranna, og náði góðu sambandi við þau; og skilningur hennar virtist jafnvel vera endurgoldinn.

Hún hafði alla tíð verið ákaflega opin og léttlynd. Það var ekki vel séð á þeim tíma sem börn voru hirt reglulega til að þau yrðu vel öguð og létu sem minnst á sér bera í samfélagi fullorðna fólksins.

Hún hafði átt það til sem smástúlka að taka utan um ókunnugt fólk úti á götu, bara vegna þess að henni fannst viðkomandi hlýlegur. Hún hafði stundum faðmað ókunnuga hunda að sér með næstum því ljóðrænni væntumþykju, eða skellihlegið af öllu hjarta af einskærri hamingju. Þótt ótrúlegt mætti virðast, var hún aldrei bitin af útigangshundi, en hinsvegar fékk hún stundum skell á eyrað af hendi móður sinnar eða barnfóstrunnar fyrir þetta óskammfeilna framferði.

Hún tók þátt í öllu, vaggaði á stuttum fótleggjum um heimili sitt og elskaði heiminn, en þó sérstaklega ástkæra, ægifagra móður sína. En ást hennar umvafði þó næstum alla.

Carla, stóra systir hennar var önnur fyrirmynd hennar.

Carla var fögur eins og móðirin, með ljósa síða slöngulokka eins og engill. Tiril hafði stíft og skolleitt hár sem ekki vildi

láta hemja sig í fallega lokka, svo hún var klippt eins og munkur, með jafnsítt hár allan hringinn.

Faðirinn hreykti sér af því að hann líktist Kristjáni fjórða ...

Foreldrarnir voru ættaðir frá Kristjaníu. Fjölskyldan var nýlega flutt til Björgvinjar, þar sem faðirinn hafði fengið góða stöðu hjá kaupmanni. Carla tók það ákaflega nærri sér að systurnar urðu fyrir aðkasti vegna mállýskunnar sem þær töluðu og flýtti sér að læra nýju mállýskuna. Tiril var alveg sama. Hún elskaði það þegar hin börnin stríddu henni, og ýkti gömlu mállýskuna til þess að skemmta þeim.

Fjölskyldan bjó allvel. Ekki kannski eins og fínasta fólkið í bænum, en þau voru meðtekin. Þau fengu að taka þátt í samkvæmislífi bæjarins, með því skilyrði að þau þekktu sín takmörk.

Þjónustustúlkurnar stoppuðu stutt. Þær klæddu og greiddu fallegu litlu Cörlu, en þær voru hrifnari af Tiril með góða skapið sitt og vingjarnlegheitin í þeirra garð. En eftir fáeina daga var þeim sagt upp af öskureiðri húsmóðurinni. Tiril skildi ekki af hverju. Hún var alltaf leið í smátíma þegar þær fóru, síðan tók hún gleði sína á ný.

Carla fór með þegar fjölskyldan var boðin eithvert, og hún var líka höfð til sýnis fyrir gesti. Tiril fannst þetta fullkomlega eðlilegt og tók þátt í að gera systur sína fallega og fram-bærilega, og dáðist að stóru systur þar sem hún stóð í öllu sínu skrúði fyrir framan spegilinn og dillaði sér allri. Síðan stóð hún í stiganum upp á aðra hæð og horfði á alla gestina, og fékk næstum því tár í augun, þegar pabbi tók í hönd Cörlu og sagði: "Hérna er litla dúkkan mín".

Mamma hló bara ánægð. Mamma var dásamlega falleg og Tiril gladdist svo þegar allir þessir ungu menn flykkust

að henni. Þá var mamma allra fallegust og hlátur hennar hljómaði eins og söngur í eyrum Tirilar.

Hún heyrði raddir foreldranna í gegnum vegginn eftir næstum því hvert boð. Harðar, reiðilegar raddir. Tiril skildi þetta ekki og henni sárnaði þetta svolítið. En næsta dag var eins og ekkert hefði í skorist. Mamma hafði ekki tíma til að spjalla því hún átti stefnumót við vinkonur sínar á fína veitingahúsinu við Torvalgötu; og pabbi hafði heldur ekki tíma, því hann hafði svo mikið að gera á skrifstofunni. Af einhverri óljósri ástæðu kallaði hann sig ræðismann. Tiril var svo stolt af þeim.

Það var ekki gott að segja hvenær hún gerði sér ljóst að ekki var allur heimurinn svona skemmtilegur. Það kom smátt og smátt.

Kannski var það þegar systurnar fengu að fara með mömmu og tveimur barnfóstrum í gönguferð í miðbænum. Þær hittu herra mann sem mamma þekkti og hann spurði um eitthvað, sem mamma svaraði skærri röddu og hlæjandi, svo þær fjórar sem gengu á eftir heyrðu það: “Nei, nei, þetta eru ekki stúlkurnar mínar! Hvað heldur herra Brosten eiginlega að ég sé gömul? Og finnst þér sú litla líkjast mér?”

Carla roðnaði og varð leið, og Tiril varð hissa. “Erum við ekki ... ?” byrjaði hún, og önnur barnfóstran svaraði að bragði: “Ojú, jú, frú Dahl var bara að gera að gamni sínu”.

Kannski var það líka undarleg framkoma Cörlu sem kom henni til að halda að ekki væri allt með felldu í fjölskyldunni. Carla grét svo oft. Þær höfðu sitt hvort herbergið, systurnar og það voru margir morgnar sem Tiril sá að Carla hafði verið að gráta. Hún reyndi að spyrja af hverju, en þá snéri Carla sér undan og fór að gráta aftur.

Þetta særði Tiril djúpt.

Hún átti ekki mikið saman við föður sinn að selda. Hann var hávaxinn, alvörugefinn maður sem hafði eitt sinn verið myndarlegur og vel klæddur. Nú var hann sköllóttur undir hárkollunni, og kominn með kúlumaga af bjór og víndrykkju. Tiril mundi að hann hafði eitt sinn dýrkað fallegu konuna sína, en nú töluðu þau eiginlega aldrei saman. Það var kalt milli þeirra, og meira að segja Tiril fann kuldann.

Mamma var heldur ekki eins falleg lengur. Hún var að byrja að fitna í andliti og angaði alltaf af víni. Hláturinn var orðinn hjáróma og gjallandi og hún var sárasjaldan heima. Tiril fór svo í taugarnar á henni að hún öskraði: "Getur enginn haft hemil á þessum krakkaskratta?" og hún var hætt að sýna gestum fallegu dótturina sína. Til að gera manni sínum gramt í geði, kallaði hún Cörlu gullgrísinn hans, og svo stakk hún aftur af frá heimilinu. Faðirinn kallaði á eftir henni:

"Hvaða elskhuga ertu nú að heimsækja?" og hún svaraði geðillskulega: "Hvað kemur þér það við? Ekki dugar þú neitt í rúminu lengur!"

Tiril var alltaf að stækka og var farin að skilja meira. Henni leið alltaf hálfilla heima og vék sér undan samvistum við fjölskylduna eftir bestu getu. Það var nauðsynlegt, ef hún átti að geta haldið í góða skapið sitt.

Faðirinn átti tvo hesta, svo hún dvaldi langdvölum í hesthúsinu þegar enginn var þar. Hún gat talað við hestana ótruflað og þeir hlustuðu þolinmóðir á hana. Hún hafði aldrei mátt hafa gæludýr heima, svo heimilislausu hundarnir og kettirnir sem hún var sífellt að draga með sér heim, höfðu orðið orsök mikilla rifrilda og gremju. Út með þá! Hins vegar vissi enginn að hún átti trúnaðarvini í hesthúsinu.

“Hvað á ég að gera við Cörlu?”, spurði hún annan hestinn og hallaði sér upp að honum. “Hún vill ekki tala við mig, og mér finnst það svo leitt. Hún á svo bággt, skilurðu, og hún vill ekki leyfa mér að hjálpa sér”.

Tiril var nú þrettán ára. Henni hafði tekist að varðveita barnið í sjálfri sér að miklu leyti, en sumt hafði þó tapast. Hún var undir sterkum aga og var talin erfitt barn, með alla þessa freyðandi lífsgleði og bjartsýni. Mamma kallaði það óþekkt. Pabbi sagði ekkert, hann lét alltaf eins og Tiril væri ekki til.

Hún var farin að gera sér grein fyrir því að hún var ekki beinlínis fögur sýnum hið ytra. Ef fólk var ekki tilbúið til að sjá gleðina og hlýjuna í augum hennar eða persónutöfrana sem hún bjó yfir ... ja, þá var ekki mikið við hana að sjá. Móðir hennar hafði fyrir löngu gefist upp á að klæða yngri dóttur sína í falleg föt og hafa hana eins og brúðu til fara, það þýddi ekkert. Stelpan var, fjandinn hafi það, vöðvastælt.

Hún var þrekvaxin og sterk eins og strákur, andlitið var of breitt og hálsinn of stuttur, fætturnir of stuttir og svo framvegis. Hún var einfaldlega vonlaus með öllu.

Foreldrarnir vissu hins vegar ekki að Tiril lifði tvöföldu lífi. Hún fann til með öllum þeim sem áttu bággt, og án þess nokkur yrði þess var, stakk hún undan einhverju góðgæti á hverjum degi, eða því sem næst. Þessum molum deildi hún út meðal þeirra sem þurftu á þeim að halda. Það var enginn sem vissi ennþá hvernig hún komst út úr húsinu.

Gamli, eineygði maðurinn með skaddaða andlitið, sem var svo ljótur á að líta að enginn vildi af honum vita, stóð og beið á götuhorninu á hverjum degi og Tiril sveik hann aldrei. Það var ekki mikið sem þurfti til að halda í honum lífinu, en stundum afsakaði hún sig fyrir að hafa ekki komist yfir

annað en brauðskorpu eða kjötbein úr soðpottinum. En hann þakkaði henni fyrir og bað henni guðsþessunar og andlit hans ljómaði af þakklæti.

Litlu börnin í hverfinu, sem áttu feður sem drukku upp alla peninga og börðu eiginkonur sínar og börn, þau áttu Tiril stóra þakkarskuld að gjalda. Stundum var það bara gamalt leikfang sem hún færði þeim, ekkert til að metta svanga munna, en þau ljómuðu af engu minni gleði. Það voru svo ótrúlega margir heimilislausir í Björgvin.

Þegar gamla frú Grönske lá fyrir dauðanum, og presturinn kaus að fara frekar í hádegisverð hjá borgarstjóranum, þá var það Tiril sem sat við dánarbeiðið uns yfir lauk. Hún gat svo sem ekki gefið síðasta sakramentið, en mjúk og hlý telpuhendin gat verið jafngóð að halda í, þegar maður var einmana fátæklingur og dauðinn var væntanlegur.

Götustúlkurnar við höfnina sem enginn vildi lengur, fengu stundum flösku af besta brennivíni ræðismannsins. Eða notalega samverustund og spjall í einhverjum stigauppgangi. Tiril skildi sennilega fæst af því sem hver og ein talaði um, þetta voru alls kyns grátklökk trúnaðarmál um karlinn sem hafði lamið hana, eða smitað hana af einhverri óværu; eða það sem verst var, svikið af henni peninga. Og um drauma sem aldrei rættust. Um blindgötturnar sem ekki lágu að ríkidæmi og hamingju, um prinsinn sem aldrei kom á hvíta hestinum, um börnin sem aldrei fengu að fæðast ...

Það voru margir útigangshundar á götunum. Tiril átti alltaf vingjarnlegt orð handa þeim öllum eða eitthvert góðgæti sem hún skipti milli þeirra, svo enginn yrði nú útundan.

Einn daginn sá hún ljóta sjón. Hundarnir voru að elta lítinn hvolp. Hann var reyndar hálfstálpaður en hann haltraði. Tiril

vissi að villtir hundar eru vanir að leysa svona mál á einn veg, en hún vildi ekki bíða þess, heldur hljóp til og stillti sér upp fyrir framan hvolpinn sem hafði verið rekinn upp í horn. Þetta var ákaflega heimskulegt athæfi, en sú hugsun komst ekki að í hennar kolli. Hundarnir þekktu hana júl!

Og það gerðu þeir sannarlega. Einhverjir urruðu lítilsháttar en forðuðu sér, þegar hún hvessti sig.

Þetta hefði engin venjuleg manneskja getað. En Tiril hafði náð alveg sérstöku sambandi við dýr. Þess vegna báru þau virðingu fyrir henni.

Auðvitað hafði hún hundinn heim með sér. En í þetta sinn tók hún hann ekki með sér inn, hún hafði lært sína lexíu. Hún kom honum fyrir í bás í hesthúsinu og byrjaði að þrífa hann. Hann leit á hana hræddum en þakklátum augum, meðan hún þvoði honum varlega um allan kroppinn. Hestasveinninn kom og horfði á um stund, en sagði svo:

- Þetta er ekkert til að halda upp á. Svona skepna! Hann verður stór, geðstirður og hættulegur. Svo er hann sjálfsagt með flær og orma. Ég get kálað honum fyrir þig.

- Ekki aldeilis, sagði Tiril ákveðin. - Hann er vinur minn og hann á að heita Nero, því Nero þýðir svartur. Og hann er ekki með orma! Og hana nú!

En hún þorði ekki að geyma hvolp inn í hesthúsinu eftir þetta. Þess í stað fann hún honum stað í trjagarðinum, bak við runnaþyrpingu og þar geymdi hún litla krílið.

Kríli var kannski tæpast réttnefni. Nero virtist ætla að verða stór skepna, það leyndi sér ekki ef litið var á fætur hans. Að sumu leyti virtist hann vera vel ættaður, meira að segja af tveimur fínum ættum. Annað foreldra hans hafði sjálfsagt verið af góðum ættum, og því var Nero afrakstur forboð-

inna ásta. Það var ennþá ekki hægt að spá um útlit hans, en feldurinn var loðinn og höfuðið stórt. Hann var með stór og fallega dökkbrún augu sem fylgdu Tiril eftir í aðdáun.

Það var ekki hægt að fela hann um lengri tíma. Og hann stækkaði hræðilega hratt. Dag einn kom frú Dahl inn í vondu skapi.

- Hvaða ógeðslegi götuhundur er þetta sem liggur í portinu? Skjóttu hann, Carla!

Tiril hljóp út eins og elding og sendi Nero út á götuna. Það er ekki óhætt fyrir þig, muldraði hún. – Þú verður að leita hælís hjá erkifjendum þínum.

Hún var með honum allan daginn, alveg þangað til hún var viss um að hann væri nógu stór og sterkur til að vekja virðingu hinna hundanna. Nero ætlaði að elta hana til baka, svo það tók býsna langan tíma að kveðjast. Tiril huggaði hann með tárbot augu og lofaði að koma eins oft í heimsókn og hún gæti. Hún bjó honum bæli inni í skúrunum niður við bryggjurnar, þessar sem ekki eru lengur til staðar eftir brunann, kom skálunum hans þar fyrir og fyllti þær af mat og vatni. Svo fór hún og það voru þung spor.

Carla var að verða eins og skugginn af sjálfri sér og það var ekki bara Tiril sem var falin fyrir augum gestanna núna. “Það trúir því enginn að ég eigi svona stór börn”, sagði frú Dahl afsakandi. Faðirinn leit ekki lengur í áttina til eldri dóttur sinnar, og hann hafði aldrei litið almennilega á þá yngri.

Tiril reyndi að vekja systur sína til lífsins, en án árangurs.

Hún vissi að þær voru góðir vinir, en hvað sem það var sem Cörlu lá á hjarta, þá gat hún bara ekki trúað litlu systur sinni fyrir því.

# SVARSENDING

Bókaklúbbur Eymundsson  
Álfheimar 74  
104 Reykjavík

Má láta  
ófrimerkt í  
póst.  
Burðargjald  
greiðist af  
viðtakanda

Þú getur gerst áskrifandi með því að senda þennan svaseðil, senda tölvupóst til bokaklubbar@eymundsson.is eða hringja til Bókaklúbba Eymundsson í síma 540 2121.

- Bækur í áskrift eru 20% ódýrari en bækur í lausasölu að viðbættu sendingargjaldi.
- Þú færð bækurnar sendar heim áður en þær koma í verslanir.
- Þú nýtur sérstakra fríðinda í verslunum Eymundsson, m.a. er 15% afsláttur af bókum og 10% af öðrum vörum (taka þarf fram við afgreiðslukassann í hvaða klúbbi þú ert og gefa upp kennitölu).

Ég vil gerast áskrifandi að :

Sagan um Ísfólkið (47 bindi). Frá bók nr.: \_\_\_\_\_

Sandmoserían (25 bindi). Frá bók nr.: \_\_\_\_\_

Galdrameistarinn (15 bindi). Frá bók nr.: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Póstnúmer og staður: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Greiðslumáti:

Kreditkort (hringt verður til að fá nánari upplýsingar)

Greiðsluseðill

Vanti þig bækur í safnið getur þú keypt þær á [www.eymundsson.is](http://www.eymundsson.is), [www.jentas.is](http://www.jentas.is) eða hringt til Bókaklúbba Eymundsson í síma 540 2121.



# Galdrameistarinn

Séra Jón Magnússon vaknaði nótt eina árið 1648, á heimili sínu á norðvestanverðu Íslandi við það að eitthvað lá þungt á fótleggjum hans. Óljóst sá hann stóran, svartan skugga við fótagaflinn hjá sér.

Hann vissi hver hefði sent honum þennan skapnað. Hann hafði sært stolt tveggja manna, feðga. Báðir höfðu þeir á sér orð sem galdramenn. Nú var komið að hefnd þeirra ...



**JENTAS**

[www.jentas.is](http://www.jentas.is)

[www.isfolkid.is](http://www.isfolkid.is)

[www.galdrameistarinn.is](http://www.galdrameistarinn.is)